



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Berg

2026 – 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1. Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra.....	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	5
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027.....	9
4. Starfsþróunarsamtöl.....	11
5. Fræðsla almennt út frá umbótapáttum leikskólans	11
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	11
7. Foreldrasamstarf	15
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	16
9. Þróunarverkefni.....	16
10. Fylgiskjöl:	17
11. Greinargerð deildarstjóra – Álfasteinn 2025-2026	19
12. Greinargerð deildarstjóra – Dvergasteinn 2025-2026	29
13. Greinargerð verkefnastjóra listaskála 2025-2026	35
14. Umbótaáætlun – Álfasteinn og Dvergasteinn 2026-2027.....	39
15. Umsögn foreldraráðs.....	43





1. Greinargerð aðstoðarleikskólastjóra

Ágúst mánuður fór að mestu leyti í aðlögun nýrra barna og starfsfólk var að tynast inn eftir sumarfrí. Það voru ekki miklar breytingar í starfsmannahópnum, en einn nýr starfsmaður bættist við. Í lok ágúst mánaðar voru allir starfsmenn komnir til vinnu. Aðlögunin barnanna gekk vel hjá okkur og í byrjun október var búið að aðlaga öll nýju börnin. Við byrjuðum markvisst starf í byrjun september. Undanfarin ár höfum við verið með viss þemu sem við skiptum niður á veturinn. Starfsfólkið veit að hverju það gengur og kominn er mikill hugmyndabanki sem auðvelt er að ganga í til að koma vinnunni af stað. Síðastliðið skólaár bættum við djúplestri við á vormánuðum og munum gera það líka þetta vorið. Þetta tókst mjög vel og er góð viðbót við alla málörvunina sem unnin er að allan ársins hring.

Síðastliðin tvö ár höfum við verið að innleiða hugmyndafræðina *Vaxandi hugarfar* sem gengur út á að hvetja börnin áfram með jákvæðum og kærleiksríkum aga og hvatningu. Þessi hugmyndafræði er að verða öllum töm og starfsmenn eru duglegir að minna hvern annan á hvernig er talað til barnanna. Elstu börnin okkar fóru í margar menningarferðir til Reykjavíkur. Það er uppeldislega gott fyrir börn að læra ferðast með strætó og njóta þess sem alls konar menning býður uppá.

Á haustmánuðum varð leikskólinn réttindaskóli UNICF. Ástæða þess að við völdum að gerast réttindaskóli er að við teljum að með aukinni þátttöku barna í leik og starfi leikskólans ýti það undir áhuga þeirra og hafi jákvæð áhrif á barnahópinn auk þess sem það ýtir undir sjálfstraust barnanna að fá að koma að mótun kennslunnar. Þær greinar barnasáttmálans sem við lögðum sérstaka áherslu á eru greinar 2, 3, 6 og 12. Við höfum trú á að með umræðu og vinnu með þessar greinar sáttmálans leiði til þess að börnin sýni meira umburðarlyndi og virðingu fyrir margbreytileikanum. Þetta er spennandi vinna sem fer vel af stað hjá okkur.

Grænfanavinna er stór þáttur í allri okkar vinnu á Bergi enda rík hefð fyrir flokkun og að allir hugsi vel um umhverfið. Reglulega er farið út að tyna rusl og matarsóunarvikur eru reglulega yfir skólaárið. Það þema sem starfsfólk Klébergs, grunnskólabörn og elstu börn leikskólans kusu að vinna með næstu tvö árin er lífbreytileiki og vistheimt.





Þetta er annað árið okkar sem við erum með sérstakan verkefnastjóra í listaskála. Hann sá um að öll börn í leikskólanum fóru í skapandi vinnu minnst einu sinni í viku frá september til loka maí. Þetta gefst mjög vel og munum við halda þessari vinnu áfram. Auk þess að vera með fjölbreytt verkefni fyrir börnin var gerð markviss vinna í skráningum meðan börnin unnu að verkefnunum. Þessi skapandi vinna sem á sér stað í listaskála tengist vel inn í hugmyndafræði menntastefnu Reykjavíkur um sköpun en þar segir að í gegnum sköpunarferlið verður til eitthvað sem hefur gildi fyrir barnið, næsta umhverfi og samfélagið. Eitt af því sem við settum í umbótaráætlun í síðustu starfsáætlun var að bæta okkur í skráningum, það höfum við gert bæði með skráningum í listaskála en einnig í frjálsum leik barnanna. Skráningar eru settar í ferilmöppur barnanna.

Á næsta skólaári munum við vera með svipaðar áherslur og áður í vinnu okkar með börnunum ásamt því að vera í stöðugri þróun til að gera gott enn betra. Við höfum unnið markvisst að því í vetur að efla starfsmannahópinn með því að hrósa og hvetja fólk áfram í vinnunni sinni, ásamt því að hvetja starfsfólk að nýta sér námskeið sem í boði eru.





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Læsi / málörvun / djúplestur
Hvernig fór matið fram?	Með skráningum og vali á bókum / sögum / tónlist sem tengjast þemavinnunni.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn og börn á eldri deild voru líka með í ráðum um hvaða sögur eða tónlist var valin.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Þar sem við höfum unnið með viss þemu undanfarin ár er komin mikill hugmyndabanki að verkefnum sem starfsmenn geta gengið í. Skráningar gengu vel í vetur, starfsfólkið er að tileinka sér vinnubrögð og við stefnum á að gera betur. Tækifæri: Gera enn betur í vinnu með börnunum og skrá framfarir þeirra, bæði í verkefnum og leik.

Hvað var metið?	Mannauður og ábyrgð
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarfundum og starfsdögum hvað gengi vel og hvað mætti bæta.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Starfsmannahópurinn þekkist vel, flestir búnir að vinna lengi saman og vita af styrkleikum hvers annars. Starfsfólkið duglegt að tjá sig og reyna finna lausnir í sameiningu. Tækifæri til umbóta: Efla starfsfólkið enn frekar með aukinni ábyrgð eins og t.d. smáir hópar í samveru þar sem allir starfsmenn á eldri deild hafa sinn hóp og líka í hópastarfi.





Hvað var matið?	Stjórnun
Hvernig fór matið fram?	Umræður á deildarfundum og starfsdögum. Fagaðili kom og ræddi kosti þess að vinna á Bergi og hvað væri hægt að gera betur.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Erum að hækka okkur í viðhorfskönnunum. Stjórnendur leggja sig fram við að mæta óskum starfsmanna eins og kostur er. Tækifæri til umbóta: Deildarstjóri tekur reglulega stutt viðtöl við starfsfólk til að grípa strax inn í ef einhver vandamál eru í uppsiglingu.

Hvað var matið?	Leikskólabragur, viðmót og menning
Hvernig fór matið fram?	Í samtölum við starfsfólk og foreldra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og foreldrar í foreldrakönnun.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Það hefur skapast skemmtileg menning innan leikskólans þar sem eru uppákomur á ca. sex vikna fresti þar sem foreldrum er boðið að koma til okkar. Foreldrar eru mjög duglegir að mæta og fyrir það eru við þakklát. Við höfum unnið markvisst í að móta góðan leikskólabrag þar sem áhersla er lögð á að mæta öllum með glaðlegu viðmóti og uppbyggilegum samræðum. Tækifæri til umbóta: Halda áfram og minna hvert annað á ef okkur finnst við vera að gleyma okkur. Notaðu frásana úr hugmyndafræðinni um vaxandi hugarfar.





Hvað var metið?	Lýðræði
Hvernig fór matið fram?	Með tveimur skoðanakönnunum sem börnin tóku þátt í með hjálp foreldra og starfsfólks.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn, börn og foreldrar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Við breyttum ýmsu eins og t.d. hvíldinni, keyptum leikföng og bættum við tíma í frjálssa leikinn en það voru óskir barnanna. Tækifæri: Bjóða börnunum að taka meiri þátt í að móta leikskólastarfið.

Hvað var metið?	Faglegur metnaður og faglegt samstarf
Hvernig fór matið fram?	Umræður meðal starfsfólks á deildarfundum og starfsdögum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Starfsfólk er meðvitaðra um hvað er faglegt starf. Við gerum markmið í vinnu okkar með börnunum um hvað á að kenna þeim og hvernig við ætlum að gera það. Tækifæri: Ramma undirbúningstímana betur. Það fá allir starfsmenn undirbúningstíma og nauðsynlegt að þeir séu vel nýttir svo starfsmenn séu vel undirbúnir fyrir hópastarfið.





Hvað var matið?	Leikskólabragur, velferð og líðan barna
Hvernig fór matið fram?	Í samtölum milli starfsmanna, barna og foreldra. Starfsmenn fóru inn í leik barnanna til að átta sig á líðan og málþroska þeirra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsmenn, börn og foreldrar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Styrkleikar: Starfsfólk samtaka í að búa til góðan leikskólabrag þar sem öllum líður vel. Tækifæri: Að starfsfólk fari reglulega inn í leik barnanna.

Ytra mat

Hvað var matið?	Starfsmannakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun var send til allra starfsmanna.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Heildarmat var 4,37 en það er hækkun um 0,19 frá fyrri könnun.

Hvað var matið?	Foreldrakönnun
Hvernig fór matið fram?	Könnun var send til allra foreldra.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Heildarmat var 4,67 sem er hækkun frá árinu 2023 en þá var heildarmat 4,27.





3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni**. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Uppeldis og menntastarf	
Umbótaráttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lýðræðisleg vinnubrögð starfsmanna
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Meira samtal við börnin hvað við gerum í leikskólanum. Hlusta á þeirra skoðanir.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Umræður í hópatímum hvað á að gera í leikskólanum, viðtöl og kannanir meðal barnanna. Sjá fylgiskjal með svörum elstu barnanna á Álfasteini í kafla 10.
Ábyrgð	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Viðtöl við börn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skrá það sem börnin vilja breyta eða bæta og skoða hvernig breytingar komu út í samráði við börnin.





Uppeldis og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Faglegur metnaður starfsfólks.
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Ramma betur af undirbúningstíma, hvernig þeir eru nýttir sem skilar sér í meiri faglegri vinnu með börnunum.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með umræðum á deildarfundum og á starfsdögum. Bætt verkefnum við hugmyndamöppur deildanna. Starfsmenn gera áætlanir fram í tímann hvað á að kenna og hvernig.
Ábyrgð	Aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skráningar verða skoðaðar og rætt um hvort markmiðum hefur verið náð í markvissri vinnu með börnunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Meiri fagleg vinna með börnunum. Verkefni eru skoðuð og umræður innan starfsmannahópsins af hverju verkefni eru valin og hvaða tilgangur er með þeim.





4. Starfsþróunarsamtöl

Samtöl voru tekin tvisvar á starfsárinu. Október 2025 og svo í janúar 2026. Aðstoðarleikskólastjóri tók viðtölin í sérkennsluherbergi leikskólans og studdist við form á starfsþróunarviðtölum frá Reykjavíkurborg.

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Tveir starfsmenn tóku þátt í íslenskuþorpínu sem byrjaði í september og stóð fram á vor 2026. Starfsmennirnir tala um að þetta sé fróðlegt og skemmtilegt námskeið sem tengir vel við leikskólastarfið. Tveir aðrir starfsmenn fóru á íslensku námskeið á vegum Mímis. Starfsmenn hafa líka nýtt sér fjölbreytta dagskrá á vegum MML. Regnbogafræðsla var fyrir alla starfsmenn leikskólans ásamt skyndihjálparnámskeiði. Allir starfsmenn tóku þátt í fræðslu á Torginu um slys á börnum í leikskólum og kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum í leikskólum. Tveir starfsmenn eru í leikskólakennaranámi og einn starfsmaður í leikskólaliðanámi. Deildarstjórar fóru á stjórnunarnámskeið fyrir deildarstjóra og aðstoðarleikskólastjóri á stjórnunarnámskeið 2. Einn starfsmaður stefnir á að fara á fagnámskeið 2 fyrir leikskóla á vegum Eflingar í júní. Starfsmaður í eldhúsi og aðstoðarleikskólastjóri fóru á námskeið í matvælaöryggi.

Á næsta skólaári verða fyrirlestrar og umræður á tveimur starfsdögum um fagmennsku starfsmanna. Spurningum eins og „hvers vegna kennari velur þessi verkefni og hvaða tilgangi þjóna þau fyrir þroska barnanna“. Að hvaða markmiðum stefnum við og hvernig mælum við framfarir. Starfsmenn munu halda áfram að sækja íslenskunámskeið eins og undanfarin ár. Fræðsla á vegum MML verður nýtt eins og hægt verður. Fræðsla á starfsdegi 30. september, um mikilvægi þess að starfsmenn taki þátt í leik barnanna. Deildarstjórar munu á deildarfundum fara yfir skráningar og hjálpa starfsfólki að gera skráningar.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna leik- og grunnskóla

Mikið samstarf er á milli leik- og grunnskólans. Elstu börn í leikskólanum fara vikulega upp í Klébergsskóla þar sem þau taka þátt í kennslustundum, fara í matsalinn og borða með grunnskólabörnum. Þau fara einnig í frístundina og í sjávargöngu, þau enda svo þessa vikulegu heimsókn á að fara í sund. Kennarar á báðum skólastigum vinna saman að námi og þroska barnanna og allir þekkjast vel þegar börnin hefja formlega grunnskólagöngu.





Börn í fyrsta bekk grunnskólans og elstu börn á Bergi gróðursetja tré á hverju vori í Barnalundinum okkar og í útikennslustofunni. Margar uppákomur eru sameiginlegar með grunn - og leikskólanum eins og t.d. aðkeyptar leiksýningar þar sem skólarnir og foreldrafélögin sameinast um kostnaðinn svo sem flestir geti notið þess að horfa á menningardagskrá. Leikskólabörnum er boðið á síðustu æfingu fyrir árhátíðina hjá nemendum í 1. – 7. bekk. Útskrift elstu barna er í sal Klébergsskóla.



Í tengslum við Barnamenningarhátíð í ár vorum við með viðburð í sameiginlegu útikennslustofunni okkar því yfirskriftin í ár er „komdu út að leika“. Þar vorum við með ýmis listaverk sem við hengdum upp, fórum í leiki og bjuggum til skynjunarbraut. Þetta var skemmtilegt verkefni en það eina sem skyggði á að veðrið hefði geta verið betra en við náðum upp íl í kroppinn með kaffi og kakói.





Útskrift elstu barna

Útskrift elstu barna leikskólans fór fram í sal Klébergsskóla, líkt og undanfarin ár. Athöfnin er mikilvægur áfangi í lífi barnanna þar sem þau kveðja leikskólann og undirbúa sig fyrir næsta skref á skólagöngu sinni.



Að þessu sinni settu börnin upp leiksýninguna „**Nína norn**“, þar sem þau sýndu leikgleði, hugrekki og sköpunarkraft. Börnin tóku virkan þátt í undirbúningi sýningarinnar og lögðu sitt af mörkum





við að skapa eftirminnilega upplifun fyrir áhorfendur. Að lokinni sýningu tóku börnin við viðurkenningarskjölum sínum við hátíðlega athöfn. Útskriftin var vel sótt af fjölskyldum og vinum og



skapaðist hlý og ánægjuleg stemning. Útskriftin hefur það markmið að fagna þeim framförum og árangri sem börnin hafa náð á leikskólaárunum, auk þess að marka upphaf nýs kafla í lífi þeirra.

Ungmönnum í Klébergsskóla er boðið að velja leikskólann sem val í námi sínu, það er góð og skemmtileg samvinna því við erum með starfsmenn í vinnu sem komu til okkar í vali fyrir nokkrum árum og eru hér enn.

Við reynum eftir fremsta megni að vera opin fyrir öllum tækifærum til að vinna saman að þroska barnanna okkar sama á hvaða skólastigi þau eru, ef við sjáum ný tækifæri til samvinnu grípum við þau því við erum öll saman á Klébergi. Leikskólabörn hafa tækifæri til þess að taka þátt í sumarfrístund í Klébergsskóla eftir að sumarfríi lýkur í stað þess að koma aftur í leikskólann.



Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
September 2026 til Maí 2027	Skólahópur fer í grunnskólann, frístund og sund einu sinni í viku fram í maí 2027.	Klébergsskóli	Deildarstjóri.

Dagsetning og tími	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
September 2026 til Maí 2027	Mikil samvinna t.d. með sýningar eða aðrar uppákomur hvort sem er í leik - eða grunnskólanum	Klébergsskóli eða leikskólinn.	Skólastjórar.





7. Foreldrasamstarf

Skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans funda sameiginlega en foreldrarnir sem eru í skólaráðinu eru einnig í foreldrafélaginu, ásamt fleirum. Skólaráðið samanstendur af foreldrum sem eiga börn í leikskólanum og grunnskólanum.

Foreldrasamvinna er mjög góð. Í foreldrafélaginu eru nokkrir dugnaðarforkar sem koma með góðar hugmyndir og styðja vel við leikskólann. Mikill kraftur er í félaginu í sambandi við fjáröflun og að sækja um styrki sem nýtast vel í allskyns viðburði fyrir börnin, s.s. leiksýningar. Foreldrafélagið býður öllum börnum og fjölskyldum þeirra í sveitaferð á vorin sem er mjög rausnarlegt því fjöldinn er yfirleitt mikill, allt að 100 manns. Eins hefur félagið boðið upp á skemmtanir á sumarhátíðinni okkar og verið með jólaföndur í desember.

Það er ánægjulegt hversu foreldrar eru duglegir að mæta á uppákomur sem leikskólinn býður þeim á yfir veturinn, yfirleitt er nánast 100% mæting en uppákomur eru u.þ.b. einu sinni í mánuði.

Í viðtölum og annarri samvinnu með foreldrum hefur komið fram almenn ánægja með starfið í leikskólanum sem við erum þakklát fyrir. Starfsfólkið leggur sig fram í öllum samskiptum því góð samvinna milli leikskólans og foreldra er grunnurinn að því að allir þroskist og dafni vel. Við höfum líka lagt mikla áherslu á að hlusta vel á allar hugmyndir sem koma frá foreldrum og líka leitað til þeirra þegar við erum að breyta einhverju eða koma fram með nýjungar.

Fyrir tveimur árum breyttum við fyrirkomulagi á foreldrafundi sem við höfum haldið í byrjun skólaárs, til að kynna fyrir foreldrum áherslur leikskólans. Í stað þess að starfsmenn tali og sýni foreldrum glærur af því sem fyrirhugað er að gera á skólaárinu skiptum við börnunum upp í hópa og börn sýna foreldrum hvernig er unnið með viðfangsefnin (Blær, Lubbi finnur málbein, Leikur að læra, könnunarleikur og sköpun) undir handleiðslu kennara.

Boðið er upp á foreldraviðtöl tvisvar á ári í lok október og svo í byrjun mars. En að sjálfsögðu geta foreldrar eða kennarar alltaf beðið um viðtöl ef þurfa þykir.





8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar eru 6 yfir skólaárið þeir eru: 21. ágúst, 30. september, 23. nóvember 2026, 5. febrúar, 27. apríl og 16. maí 2027. Skipulagsdagar eru sameiginlegir með grunnskólanum og þrír eru sameiginlegir við aðra skóla sem tilheyra Austurmiðstöð. Einn af þeim þetta árið er sameiginlegur fyrir allt skóla- og frístundastarf í Reykjavík og er helgaður Menntastefnu Reykjavíkurborgar.

9. Þróunarverkefni

Heiti á þróunarverkefni og helstu áherslur verkefnisins	Samstarfsaðilar	Hver styrkir?
---	-----------------	---------------

Réttindaskóli UNICEF

Okkur langar að efla lýðræði meðal barnanna og kynna þeim betur réttindi þeirra. Þess vegna gerðumst við Réttindaskóli UNICEF síðast liðið haust. Í vetur höfum við unnið eftir aðgerðaráætlun þar sem börnin eru meiri þátttakendur í ákvörðum sem varða leikskólann og starfið innan hans. Við vinnum með vissar greinar Barnasáttmálans yfir allt skólaárið. Fræðsla til starfsmanna um réttindi barna og umræður á deildarfundum.

UNICEF á Íslandi hefur stutt okkur og mun gera áfram.

Við eru ekki búin um að sækja um upphæð enn þá en gerum það kannski á næsta skólaár.

Regnbogavottun

Jafnréttisskóli Reykjavíkur veitir fræðslu, ráðgjöf og stuðning varðandi jafnréttismenntun, mannréttindi og kynheilbrigði fyrir ungmenni, aðstandendur þeirra og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Í vetur fengu allir starfsmenn fræðslu frá Jafnréttisskólanum og þar með er leikskólinn Berg orðinn regnbogavottaður vinnustaður. Búin var til aðgerðaáætlun fyrir verkefnið sem nær yfir tvö ár. Verkefninu er fylgt eftir af Jafnréttisskólanum og á vefsíðunni þeirra er hafsjór af fróðleik og leiðbeiningum fyrir starfsmenn og foreldra. <https://reykjavik.is/jafnrettisskolinn>





10. Fylgiskjöl:

Svör elstu barna um starfið í leikskólanum, hvað er gaman og hvað mætti bæta.

Frjálsi leikurinn.

- Það er gaman að leika sér, þá getur maður ráðið með vinum sínum.
- Það er gaman í holu kubbum, ég kann að byggja hús.
- Það er gaman að vera í leikskólanum þegar það kemur nýtt dót.
- Mig langar í meira legó, svona legó til að byggja bíla og svoleiðis.
- Mig langar að drullumalla meira í búinu okkar.

Læsi og samskipti

- Það er gaman að vera með vinum sínum.
- Maður á að nota falleg orð og tala fallega við aðra.
- Það má ekki meiða önnur börn.
- Kennarinn kemur ef einhver er að meiða.
- Það er gaman að hlusta á sögur og skoða bækur.
- Þegar maður á að fara sofa á að lesa fyrir mig.
- Það er gaman að hlusta á sögur sem eru sagðar með munninum.
- Það er ekki gaman í samveru þegar á að hlusta á sögu þá verð ég þreyttur.

Heilbrigði og vellíðan

- Mér finnst gaman úti.
- Það er gott að borða í leikskólanum.
- Það má ekki vaka lengi þá verður maður þreyttur.
- Ég vil fara meira í fjöruna.
- Mig langar að sulla meira með vatn.
- Það er gaman að drullumalla, ég vil vera í drullubúinu.

Sjálfbærni og vísindi

- Vísindi er til að skoða og búa til tilraunir.
- Það er gaman að gera tilraunir eins og með vatn og liti.
- Það er gaman að skoða marflær í smásjanni.





- Ég veit hvar pappírinn á að fara.
- Mig langar að skoða meira í smásjóni.
- Ég vil fara í skynjunarbrautina, ég er bara búin að fara einu sinni.

Sköpun

- Það er þegar maður ímyndar sér eitthvað í höfðinu.
- Þá teiknar maður eða málar eitthvað, býr til ýmislegt úr ýmislegu.
- Það er gaman í listaskála þá gerum við alltaf eitthvað skemmtilegt.
- Ég vil fara oftari í listaskála.
- Mig langar að gera geimskutlu.

Eins og sjá má er ýmislegt sem við getum bætt og við munum gera það. Fjölga fjöruferðum, bjóða meira í drullubúið, kaupa legó og fleira sem börnin nefndu.





11. Greinargerð deildarstjóra – Álfasteinn 2025-2026

Hver deild tekur saman styrkleika og tækifæri byggt á umbótaáætlun síðasta árs.

Innra mat deildar

Á deildinni eru 27 börn á aldrinum þriggja til sex ára. Hópurinn samanstendur af 20 börnum með íslenskan uppruna og 7 sem eru tvítyngd. Á deildinni starfa 9 starfsmenn með mismunandi vinnutíma og starfshlutfall.

Leikskólinn starfar í anda Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og leggur áherslu á réttindi barna, meðal annars til þátttöku, verndar og umhyggju. Eining er unnið í samræmi við áherslur UNICEF um velferð og réttindi barna í daglegu starfi. Leikskólinn er jafnframt Grænfánaleikskóli og leggur áherslu á umhverfismennt, sjálfbærni og að efla umhverfisvitund barna í gegnum leik og daglegt starf.



Lögð er mikil áhersla á félagsfærni barnanna, þau eru hvött til að taka sjálfstæðar ákvarðanir og efla sjálfstraust sitt. Á deildinni höfum við unnið markvisst að því að efla virðingu og samkennd í samskiptum barnanna. Lögð hefur verið áhersla á að skapa jákvætt og öruggt umhverfi þar sem börn læra að bera virðingu hvert fyrir öðru og taka tillit til tilfinninga hvors annars.

Öllum börnum deildarinnar er skipt upp í litla hópa og hefur hver hópur sinn hópstjóra. Með þessu skipulagi skapast betri aðstæður fyrir hvert barn til að taka virkari þátt í starfinu og njóta sín betur í hópastarfi. Að vinna í smærri hóp stuðlar að meiri ró, nánari samskiptum og gefur starfsfólki betri tækifæri til að veita hverju barni stuðning, athygli og verkefni við hæfi.



Starfsfólk hefur leiðbeint börnunum með jákvæðum samskiptum og verið þeim góð fyrirmynd í daglegu starfi. Lagt hefur verið upp með skýrar og samræmdar reglur sem styðja börnin í að skilja hvaða hegðun er æskileg í samskiptum við aðra. Börnin hafa jafnframt fengið að taka þátt í að móta reglurnar, sem hafa verið gerðar sýnilegar á vegg deildarinnar. Með því eykst skilningur þeirra á eigin hegðun og ábyrgð í samskiptum. Lögð er áhersla á skýran ramma og fyrirsjáanleika í daglegu starfi, sem styður börnin í samskiptum og leik og hjálpar þeim að finna jafnvægi í hópnum.





Reglurnar hafa verið kynntar bæði fyrir börnum og starfsfólki á einfaldan og skiljanlegan hátt og hefur starfsfólk verið samstíga í að fylgja þeim eftir. Þetta eykur skilning þeirra og ábyrgð á eigin hegðun.

Unnið er með verkefnið Lubbi finnur málbein á deildinni einu sinni í viku.

Verkefnið miðar að því að efla málþroska barna og auka hljóðkerfisvitund þeirra á leikrænan og skemmtilegan hátt. Í gegnum sögur, söngva, hreyfingu og leiki kynnast börnin stöfum og hljóðum íslenskrar tungu. Áhersla er lögð á þátttöku barnanna þar sem þau fá að hlusta, endurtaka, syngja og hreyfa sig í tengslum við hljóð og stafi. Með þessari nálgun verður námið lifandi og aðgengilegt fyrir börnin.



Á deildinni er unnið markvisst með Vináttuverkefnið Blæ frá Barnaheill, þar sem áhersla er lögð á að efla félagsfærni, vináttu og jákvæð samskipti barna.

Verkefnið stuðlar að því að styrkja sjálfsmynd barnanna, efla samkennd og kenna þeim að bera virðingu fyrir eigin tilfinningum og tilfinningum annarra. Í gegnum sögur, samræður, leik og skapandi starf fá börnin tækifæri til að kynnast hugtökum á borð við vináttu, tillitssemi og uppbyggilega lausn



ágreinings. Blær bangsi gegnir mikilvægu hlutverki í verkefninu og styður börnin í að setja orð á tilfinningar sínar og upplifanir í daglegu lífi. Reglulega er einnig unnið með slökun og nudd tengt verkefninu, þar sem lögð er áhersla á vellíðan, ró, nærveru og öryggi innan barnahópsins. Í slökun og nuddi læra börnin meðal annars að róa líkama og huga, þekkja eigin tilfinningar og líðan og bera virðingu fyrir mörkum sínum og annarra. Þau æfa sig í að sýna umhyggju, tillitssemi og nærgætni í samskiptum, auk þess sem verkefnið getur stuðlað að aukinni einbeitingu, öryggiskennd og vellíðan í barnahópnum.

Einnig er unnið með verkefnið Bínu bálreiðu þar sem áhersla er lögð á tilfinningavitund, sjálfstyrkingu og að efla skilning barna á eigin hegðun og viðbrögðum. Í gegnum sögur og samræður fá börnin tækifæri til að ræða aðstæður, æfa sig í lausnaleit og styrkja félagslega færni sína.



Áhersla er lögð á virka þátttöku barnanna þar sem þau fá tækifæri til að ræða, hlusta, spegla sig í aðstæðum og æfa sig í jákvæðum samskiptum. Með þessari nálgun verður félagslegur lærdómur lifandi, aðgengilegur og hluti af daglegu leikskólastarfi.

Starfið á deildinni yfir leikskólaárið er skipulagt í þeim þar sem unnið er markvisst með sjálfsmynd barna, vináttu, fjölbreytileika, menningu og nærumhverfi.





Byrjun á vetri

Í upphafi leikskólaársins var lögð áhersla á að styrkja sjálfsmynd barnanna og að kynnast hópnum. Börnin teiknuðu sjálfsmynd, fjölskyldumynd, stimpluðu handa- og fótafór og tekningar voru einstaklingsmyndir af hverju barni. Á sama tíma var fjallað um tannvernd í tengslum við tannverndarviku og unnið með 7. grein Barnasáttmálans um rétt barna til nafns og ríkisfangs.



Fjölbreytileiki vina og nærumhverfis

Í þema tvö er unnið með fjölbreytileika vina og nærumhverfis. Börnin tóku virkan þátt í lýðræðislegu vali á áherslum leikskólans í tengslum við Grænánaverkefnið fyrir næstu tvö ár. Niðurstaðan varð sú að leggja sérstaka áherslu á líffræðilegan fjölbreytileika og vistheimt.



Börnin fengu tækifæri til að kynnast fjölbreytileika fjölskyldna og þjóðerna. Rætt var um fjölskyldumynstur barnanna, nöfn fjölskyldumeðlima og nærumhverfi þeirra. Einnig var unnið markvisst með vináttu og félagsfærni þar sem börnin ræddu meðal annars hvað felst í því að vera góður vinur, deila með öðrum, sýna þolinmæði, hlusta á aðra og sýna kurteisi. Verkefni á borð við Blær og Bína bálreiða voru nýtt til að styðja við þessa vinnu.

Jafnframt var lögð áhersla á góða borðsiði, að börnin kynntust fjölbreyttum mat og æfðu sig í að skammta sér hæfilega mikið á diskinn til að draga úr matarsóun.



Í þemanu var einnig unnið með Grænánaverkefni þar sem börnin fengu fræðslu um umhverfisvernd og sjálfbærni. Meðal annars var rætt um vatns- og rafmagnssparnað, sápunotkun, endurvinnslu og notkun endurunnins efniviðar í skapandi starfi.

Farið var reglulega í gönguferðir þar sem börnin söfnuðu meðal annars skeljum, steinum og kuðungum og fræddust um lífríki fjörunnar. Rætt var um landdýr, sjávardýr og þörungum auk þess sem börnin kynntust fuglalífi á Íslandi, bæði staðfuglum og farfuglum. Einnig var fjallað um fiska og önnur sjávardýr, svo sem ýsu, þorsk, krabba, síli og ígulker.





Unnið verður markvisst að því að efla skilning barnanna á lífbreytileika í nærumhverfi, með sérstakri áherslu á fjöruna og það fjölbreytta lífríki sem þar er að finna. Börnin fá tækifæri til að rannsaka, upplifa og kynnast náttúrunni á lifandi hátt í gegnum leik og útiveru.



Jafnframt er lögð áhersla á vistheimt og ábyrga umgengni við náttúruna, þar sem börnin læra að þau geti haft jákvæð áhrif með því að ganga vel um og stuðla að verndun svæða svo þau haldist heilbrigð og óspillt fyrir komandi kynslóðir.

Í þessu þema var unnið með 12. grein Barnasáttmálans, um rétt barna til að láta skoðanir sínar í ljós og 3. grein um það sem er barninu fyrir bestu.

Jólin

Þriðja þema er jólaþema þar sem börnin tóku þátt í ýmsu jólaföndri, gerðu jólagjafir, dönsuðu á jólaballi og undirbjuggu jólin á leikskólanum. Haldið var jólaball og borðaður jólamatur í notalegu umhverfi, einnig var foreldrafélagið með uppákomu í leikskólanum og hittust fjölskyldur barnanna og áttu notalega föndurstund saman í leikskólanum.



Íslensk ævintýri ljóss og skugga

Í fjórða þema er unnið með íslensk ævintýri þar sem börnin kynntust íslenskum þjóðsögum og hefðum tengdum þorra. Áhersla var lögð á vísindastarf þar sem veður var skoðað, árstíðir og klæðaburður til útivistar. Börnin fengu að rannsaka ljós og skugga í svo kallaðri vasaljósvíku. Í tengslum við vasaljósvíkuna fengu börnin tækifæri á að nota myndvarpa til þess að búa til skugga. Börnin röðuðu húsdýrum ofan á myndvarpa til þess að fylgjast með hvernig skuggarnir mynduðust á veggnum og teiknuðu svo eftir þeim. Einnig var haldinn ratleikur innandyra þar sem slökkt var á ljósum og endurskinsmerkjum dreift um húsið, notuðu börnin vasaljósin sín til þess að finna merkin. Börnin fóru jafnframt í göngutúr í rökkriinu með ljósin til að skoða áhrif ljóss í náttúrulegu umhverfi. Með þessum verkefnum fengu börnin tækifæri til að kanna vísindalega hugtakið





Ijós og skugga á leikrænan og þáttökumikinn hátt. Í þessu þema var unnið með grein 24. í Barnasáttmálanum um heilsuvernd barna.

Fjölmening/Töfrateppi

Í fimmta þema er unnið með fjölmeningu og verkefnið Töfrateppi. Þar fá börnin að kynnst ólíkri menningu og siðum annara landa, í lok þemans er haldið menningarmót með opnu húsi fyrir foreldra. Unnið er með 28. og 29. grein Barnasáttmálans sem fjalla um rétt barna til menntunar og markmið menntunar.

Barnamenningarhátíð

Í sjötta þema er unnið með Barnamenningu þar sem börnin fengu að tjá sig í gegnum list og skapandi starf. Unnið er með fjölbreytt verkefni þar sem börnin kynnst leikjum, söngvum og myndlist. Lögð er áhersla á skapandi starf og sjálfsprottinn leik þar sem börnin fá tækifæri til að tjá sig, þróa hugmyndir sínar og njóta sín í leik og listsköpun. Með þessu fá börnin að upplifa menningu á lifandi og skemmtilegan hátt sem styður við sköpunarkraft, sjálfstæði og félagsfærni þeirra. Í tengslum við þetta var unnið með grein. 2 Barnasáttmálans um bann við mismunun.



Náttúran/Fjörulallar

Síðasta þema leikskólaársins snýst um náttúruna og verkefnið „Fjörulallar“. Í tengslum við Grænánaverkefni leikskólans er lögð áhersla á að börnin kynnist nærumhverfi sínu, náttúrunni og dýralífi í kringum leikskólann á lifandi og uppbyggjandi hátt.





Börnin fara reglulega í gönguferðir þar sem þau safna skeljum, steinum og kuðungum úr fjörunni og vinna með það sem þau finna í náttúrunni í sköpun. Rætt er um lífríki fjörunnar, farfugla og staðfugla sem finnast við strendur Íslands, og þannig eflist skilningur þeirra á lífbreytileika og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir náttúrunni.

Í verkefninu er jafnframt lögð áhersla á vistvæna hugsun og ábyrga umgengni, þar sem börnin læra að þau geta haft áhrif með því að ganga vel um og vernda umhverfið svo það haldist heilbrigt og óspillt.

Einnig var unnið með umferðarviku þar sem fjallað var um öryggi í umferðinni. Í þessu þema er tekið mið af 6. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna til lífs og þroska.


Helstu þemu deildarinnar: Fjölmeningarmótið og Barnamenningarhátíð

Tvö helstu þemu deildarinnar yfir veturinn eru Fjölmeningarmót og Barnamenningarhátíð, sem leggja áherslu á sköpun, þátttöku barna og skilning á menningu og samfélagi.

Fjölmeningarmótið byggir á verkefninu Töfrateppið, þar sem börnin kynnast mismunandi löndum, tungumálum og menningarhefðum fjölskyldna leikskólans. Verkefnið styrkir félagsfærni barnanna og eykur skilning þeirra á fjölbreytileika samfélagsins. Börnin taka þátt í skapandi verkefnum tengdum þemanu, og í lokin er haldið menningarmót þar sem foreldrar og aðstandendur eru boðnir velkomnir til að upplifa og taka þátt í fjölmeningarumhverfi leikskólans.

Foreldrar sem og starfsmenn eru beðnir um að koma með smakk frá heimalandi sínu á hlaðborð í leikskólann til þess að leyfa öðrum að smakka fjölbreyttan mat frá mismunandi þjóðum.

Barnamenningarhátíðin sem að leikskólinn tekur þátt í veitir börnunum tækifæri til að tjá sig í gegnum listsköpun, leik og tónlist. Með þessu fá börnin að upplifa menningu og sköpun á lifandi og aðgengilegan hátt, styrkja sjálfstæði sitt og félagsleg samskipti. Fjölskyldum barnanna er boðið á opið hús í lok þemans þar sem afrakstur verkefna barnanna er sýndur. Þar fá foreldrar og aðstandendur tækifæri til að sjá það sem börnin höfðu unnið að og til þess að taka þátt í starfinu með þeim. Einnig voru skipulagðir fjölbreyttir leikir utandyra sem bæði börn og fjölskyldur gátu tekið þátt í, sem stuðlaði að ánægjulegri samveru og styrkti tengsl milli heimilis og leikskóla.





Þessi tvö þemu stuðla þannig að heildrænum þroska barnanna, eflingu skapandi hugsunar og virðingu fyrir fjölbreytileika og samvinnu í leikskólasamfélaginu.

Umbótaþættir

Í síðustu starfsáætlun leikskólans var sérstaklega lögð áhersla á tvo mikilvæga umbótaþætti: Að efla virðingu og samkennd í samskiptum barnanna og að styrkja starfsanda þannig að starfsfólk upplifi stolt gagnvart starfi sínu og vinnustaðnum.

Unnið hefur verið markvisst að því að skapa jákvætt og uppbyggilegt samskiptaumhverfi meðal barnanna. Starfsfólk hefur veitt leiðsögn í gegnum jákvæð samskipti og verið góð fyrirmynd í daglegu starfi. Reglur í samskiptum hafa verið skýrar og samræmdar og börnin hafa fengið hrós og hvatningu þegar þau sýna virðingu, tillitssemi og samkennd. Einnig hafa börnin fengið tækifæri til að æfa sig í að leysa úr ágreiningi með stuðningi starfsfólks, sem styrkir félagsfærni þeirra og sjálfstæði í samskiptum.



Samhliða þessu hefur verið lögð áhersla á að efla starfsanda og styrkja tilfinningu starfsfólks fyrir mikilvægi starfs síns. Unnið hefur verið að því að gera stefnu leikskólans sýnilega og tryggja að starfsfólk sé meðvitað um markmið hennar og gildi. Starfsfólk hefur verið hvatt til virkrar þátttöku í að móta starfið og koma með hugmyndir um þróun þess. Með því hefur skapast aukin samheldni og sameiginleg ábyrgð á því uppeldis- og menntunarstarfi sem fer fram innan leikskólans.

Áhersla á þessa umbótaþætti hefur stuðlað að jákvæðara starfsumhverfi bæði fyrir börn og starfsfólk og styrkt þann grunn sem leikskólastarfið byggir á.

Styrkleikar deildarinnar

Styrkleikar deildarinnar felast fyrst og fremst í jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum milli barna og starfsfólks. Lögð er áhersla á virðingu, samkennd og vináttu þar sem börnin fá stuðning við að læra að taka tillit hvert til annars, leysa úr ágreiningi og vera góðir vinir. Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að vera góð fyrirmynd í samskiptum og styðja börnin í félagslegum samskiptum í daglegu starfi.





Á deildinni ríkir gott samstarf starfsfólks þar sem lögð er áhersla á samráð, jákvæðan starfsanda og sameiginlega ábyrgð á starfinu. Starfsfólk sýnir frumkvæði og leggur sig fram við að skapa hlýlegt og öruggt umhverfi fyrir börnin þar sem þau geta þroskast og notið sín í leik og starfi.



Einnig er styrkleiki deildarinnar fjölbreytt og skipulagt starf þar sem unnið er með mismunandi þemu yfir leikskóla árið. Með þemavinnu fá börnin tækifæri til að kynnst sjálfum sér, fjölskyldu sinni og annara, efla vinabönd, menningu, náttúru og nærumhverfi. Í starfinu er einnig unnið með Barnasáttmálann, UNICEF og umhverfismennt, sem eykur skilning barna á réttindum sínum, ábyrgð og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir umhverfinu.



Lögð er áhersla á útvíst, gönguferðir og könnun á nærumhverfi þar sem börnin fá tækifæri til að læra í gegnum reynslu, uppgötvun og leik. Þessi nálgun styður við ahlíða þroska barnanna og eykur áhuga þeirra á náttúrunni og umhverfi sínu.

Tækifæri til umbóta

Í innra mati deildarinnar komu fram ýmis tækifæri til að þróa starfið enn frekar. Eitt af þeim er að halda áfram að efla skipulag og markvissa skráningu á starfi deildarinnar, þannig að auðveldara sé að fylgjast með framvindu verkefna og þroska barnanna. Með aukinni skráningu og ígrundum getur starfsfólk betur metið hvað gengur vel og hvar má gera enn betur.



Einnig felast tækifæri í að þróa enn frekar verkefni sem efla félagsfærni barnanna, svo sem samvinnu, samskipti og lausn ágreinings. Með markvissri vinnu í gegnum leik, samtölum og verkefnum sem tengjast vináttu og tilfinningum geta börnin fengið fleiri tækifæri til að æfa sig í jákvæðum samskiptum.

Annað tækifæri felst í að auka enn frekar þátttöku barna í starfinu með því að gefa þeim meira rými til að tjá skoðanir sínar og hafa áhrif á verkefni og leik á deildinni. Með því er hægt að styrkja sjálfstæði barnanna og efla lýðræðislega þátttöku þeirra í anda Barnasáttmálans og UNICEF.





Samstarf við foreldra

Á deildinni er lögð áhersla á gott og uppbyggilegt samstarf milli leikskóla og heimi. Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um starf deildarinnar og fái tækifæri til að taka þátt í leikskólasamfélaginu.

Foreldrar fá reglulega upplýsingar um starfið í gegnum fréttabréf þar sem greint er frá helstu verkefnum, þemum og viðburðum sem eru fram undan. Einnig eru haldnir foreldrafundir þar sem rætt er um starf deildarinnar, þroska og líðan barnanna og foreldrum gefst tækifæri til að koma á framfæri spurningum og sjónarmiðum.

Að auki eru haldin opin hús þar sem foreldrar fá tækifæri til að heimsækja deildina, sjá verkefni barnanna og kynnst starfinu betur. Með þessum leiðum er stuðlað að góðu upplýsingaflæði og traustu samstarfi milli heimilis og leikskóla sem styður við vellíðan og þroska barnanna.





Styrkleikar

Jákvæð og uppbyggjandi samskipti: Deildin leggur ríka áherslu á jákvæð og uppbyggjandi samskipti við börnin. Starfsfólk styður við félagsfærni þeirra, hrósar, hvetur börnin og veitir leiðsögn með hlýju og virðingu. Þessi nálgun stuðlar að trausti, vellíðan og öruggu leik- og lærdómsumhverfi þar sem börnin þroskast bæði félagslega og tilfinningalega.

Þema: Þemaverkefningin stuðla að heildrænum þroska barnanna og veita þeim tækifæri til að kanna, skapa og tjá sig. Verkefningin stuðla að ábyrgð, samvinnu, tillitssemi og jákvæðum samskiptum í öruggu og áhugaverðu umhverfi.

Útivist og göngutúrar: Börnin fá regluleg tækifæri til útivistar og göngutúra þar sem þau kanna náttúru og nærumhverfi sitt. Þetta eykur líkamlega færni, forvitni, félagslega þátttöku og stuðlar að jákvæðum samskiptum í hópnum.

Tækifæri

Skráningar á verkefnum barnanna: Það er tækifæri til að styrkja skráningu á verkefnum barnanna til að fylgjast betur með framvindu þeirra í þroska og hegðun.

Fjölmennig : Þróa fjölmenningarverkefningin til að styrkja skilning barnanna á fjölbreytileika, menningu annarra og þátttöku í skapandi verkefnum.

Þátttaka barnanna: Gefa börnunum en þá fleiri tækifæri til að taka virkari þátt í starfinu, hafa áhrif á verkefni og taka ábyrgð á eigin leik og lærdómi.





12. Greinargerð deildarstjóra – Dvergasteinn 2025-2026

Innra mat deildar

Á deildinni eru 13 börn (6 fædd 2024 og 7 fædd 2023, þar af 3 seint á árinu) og 5 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli. Fjögur af börnunum eru að alast upp við fjölyngi og hafa tvö þeirra íslenskukennslu eingöngu í leikskólanum. Áherslur okkar í starfinu í vetur hafa eins og áður verið máltaka allra barnanna með markvissri málörvun. Í ár höfum við einnig lagt mikla áherslu á félagsfærni og tilfinningagreind og svo að sjálfsögðu sjálfstæði, sköpun, gleði, hreyfifærni og umhyggju.

Alla daga vikunnar höldum við sem fastast í rútinu í dagskipulagi barnanna sem hjálpar börnunum að vita hvað sé fram undan og veitir þeim öryggi. Það finnst okkur sérstaklega mikilvægt þar sem börnin eru mjög ung og ekki kominn með fullan skilning á töluðu máli. Skipulagið samanstendur af samverum, frjálsum leik, listsköpun, matartímum, útiveru og hvíld.



Samverur

Á hverjum morgni eru morgunsamverur (alla daga vikunnar) þar sem við bjóðum börnin velkomin, teljum, lærum ný orð og söngva tengda árstíð og þemavinnu okkar hverju sinni. Í þessum stundum vinnum við einnig með tilfinningagreind og félagsfærni t.d. í samvinnu við Blæ og Bínu bálreiðu og lesum bækur (djúplæsi). Einnig byrjum við að æfa börnin strax í framkomu og sjálfsöryggi í þessum stundum, förum t.d. í söngvaleiki þar sem þau þurfa að standa upp eitt í einu fyrir framan hópinn og leiki þar sem þau svara spurningum með því tjáningarformi sem þau hafa getu til. Þessar samverur samanstanda því af æfingum í grunnfærni á mörgum sviðum fyrir börnin sem við samtvinnum síðan inn í frjálsta leikinn þeirra yfir daginn. Þetta fyrirkomulag hefur gengið mjög vel og eru börnin almennt mjög áhugasöm og vilja taka þátt. Hefð hefur myndast fyrir því að einu sinni í viku (föstudögum) förum við í heimsókn á Álfastein og höldum sameiginlega söngstund með þeim þessar stundir stuðla að blöndun barnahópsins og æfir börnin í að finna sig einnig örugg í umhverfi Álfasteinsdeildarinnar.






Málörvun

Málörvunin fer að sjálfsögðu fram allan daginn í öllu starfinu enda mörg börnin á deildinni rétt byrjuð í máltöku þegar þau hefja leikskólagönguna hjá okkur og leggjum við því mikla áherslu á að leggja orð á allar athafnir, endurtekningar o.s.frv. yfir allan daginn.

Málörvun barnanna vinnum við einnig mikið með því að tengja saman myndir og orð, auk þess sem við klöppum oft atkvæði orðanna um leið og við segjum þau þegar við erum að læra ný orð í samveru. Við tókum eftir að fjölgtyngdu börnunum (og hinum) þótti það bæði skemmtilegt og auk þess virtist þessi aðferð hjálpa þeim að ná betur taki á orðinu.

Við unnum einnig markvisst með bókalestur, héldum áfram með djúplæsi sem hefur gefist okkur vel. Þau börn sem þurfa sérstaka örvun í málörvun hafa einnig fengið málörvun þegar tími gefst í minni hópum og /eða maður á mann þar sem unnið er sérstaklega í því að styrkja máltöku þeirra.

Tekin var ákvörðun um að geyma skipulagt Lubba starf (í þeirri mynd sem við höfðum notast við það) sökum ungs aldurs á deildinni (auk barna með erlendan bakgrunn). Ákvörðunin var ekki tekin úr lausi lofti heldur út frá reyngslu í byrjun vetrarins eftir að byrjað var að vinna eins og áður með Lubba og fannst starfsfólkinu börnin ekki vera að meðtaka það efni né sýna því nógu góðan áhuga til árangurs (efnið ekki við hæfi þeirra þroska). Ákveðið var að leggja frekar áherslu á að auka orðaforða barnanna með alskyns leikjum, myndum, bókum, söngvum og þulum. Endurmat var síðan tekið á því fljótlega eftir áramótin og ákveðið að halda því skipulagi og halda áfram með orðaforða og notast var þá enn frekar við bókina orð eru ævintýri.



Útivera

Á hverjum degi er markmiðið að börnin fari út í garð að leika. Í útiveru sameinast öll börn leikskólans í garðinum og leika saman og hlið við hlið. Börnin fá því gott tækifæri hér til að kynna börnunum á eldri deildinni og læra af þeim um leið. Við höfum nýtt okkur nýja útisvæðið (litla garðinn) þegar við á og er afar hentugt að geta notað það sérstaklega með þau yngstu. Ef veður er þannig að ekki hefur gefist tækifæri að fara út höfum við útbúið rými til hreifi leikja inni til að efla hreyfipörsku og fá útrás fyrir stærri hreyfingar.

Félagsfærni

Allan daginn í leikskólanum eru börnin að æfa félagsfærni bæði





inni og úti. Í ár höfum við notast við mismunandi aðferðir til að styrkja börnin á þessu sviði. Við höfum innleitt Blæstundir inn í samverustundirnar okkar þar sem börnunum er .t.d. sýndar myndir af hinum ýmsu aðstæðum sem þau geta lent í og hvernig hægt er að ráða úr þeim. Við höfum líka notfært okkur bókina Bínu bálreiðu í að kenna börnunum ýmislegt tengt félagsfærni. Auk mynda úr kennsluefninu Stig af stigi þar sem börnunum er markvisst kennt að þekkja svipbrigði fólks. Öllu þessu efni ásamt öðru höfum við tvinnað saman til að kenna börnunum að lesa í svipbrigði, segja stopp þegar þeim líkar ekki eitthvað, vera blíð við hvort annað o.s.f. Þetta hefur gengið mjög vel og hafa börnin veið mjög áhugasöm og tileinkað sér ótrúlega margt.

Sköpun

Öll börnin hafa farið a.m.k. einu sinni í viku í listaskál þar sem þau byrja á því að læra að beita hinum ýmsu verkfærum s.s. pensli, blýant. Þar leggjum við líka mikla áherslu á að setja orð á það sem við erum að gera og æfum börnin líka í að þekkja litina. Í listaskála fá börnin einnig að æfa skynþroska sinn með því að snerta margskonar efnivið t.d. leir, málningu, opinn efnivið. Þar hafa þau einnig fengið að ata sig meira út en annarstaðar t.d. með að mála með fótum o.þ.h. með tilheyrandi sulli eftir á til að þrifa sig. Þemavinnan okkar er einnig oft mjög beintengd inn í listaskálann og föndra börnin oft og skapa eitthvað þar tengt árstíma og þema leikskólans hverju sinni. Flestum börnunum finnst mjög gaman að koma í listaskála og sækjast eftir því að fá að fara í hann. Þessari vinnu viljum við halda áfram að þróa og finna leiðir til að efla krakkana.



Skipulagt hópstarf og könnunarleikur

Ákveðið var að leggja meiri áherslu á frjálsan leik og könnunarleik í ár og var því ekkert niður njörfað skipulagt hópstarf í vetur. Mikið var um frjálsan leik þar sem starfsmenn voru með börnunum í leik og/eða til taks til að leiðbeina. Hópstarf hefði þó mátt vera meira og skipulagðara eða þ.e. skipulagðari leiksvæði en þar sem deildarstjóri fór í leyfi um mitt skólaár gafst ekki tími til að endurskipuleggja. Af sömu sökum náðist ekki að hífa könnunarleikinn upp eins og ætlunin var að gera.





Pemu

Pemavinna leikskólans hverju sinni var að mestu leiti leitt inn í starfið hjá Dvergastein gegnum samverur og listsköpun í listaskála og gekk það vel.



Hvíld, hreinlæti, matarvenjur, fataklefi

Börnin voru ýmist öll saman í hvíl (inni í draumalandi) eða skipt í tvær hvíldar í vetur (ein inni í draumalandi og hin kringum sófann okkar). Tímabilin sem hópnum var skipt upp eða ekki fóru eftir lengd svefn barnanna og fjölda bana og starfsfólks hverju sinni. Vel gekk að skipuleggja þetta þó svo pláss sé oft af skornum skammti.



Skipuleg varðandi bleyjuskipti gekk smurt fyrir sig í vetur og vel hefur gengið að hjálpa þeim börnum sem tilbúin eru í að æfa sig að læra á kopp /klósett.

Fyrirkomulag okkar við að kenna börnunum að ganga frá efir sig og þakka fyrir sig (í matartímum) gekk vel. Áhersla hefur verið lögð á að kenna börnunum að nota gaffal í stað fingra og að bæta hníf við hjá þeim sem komin eru á það stig, auk þess að læra að nota glas í stað stútkönnu. Hefð er fyrir því að börnin fái að velja sinn afmælisborðbúnað á afmælisdögum. Þá fá börnin að velja sér borðbúnað í þeim lit sem þau vilja (litaður borðbúnaður er ekki í boði aðra daga). Þetta finnst þeim gaman og ýtir undir sjálfstæði og gleði.

Mikil áhersla hefur verið lögð á að hafa ekki of mörg börn (2-4 eftir fjölda starfsmanna) í fataklefa til þess að gefa börnunum betra rími til að læra að klæða sig sjálf auk þess sem þá gefst betri tími til að auka orðaforða og haf ró í fataklefanum þetta hefur gengið jafnt og þétt betur og er orðið mjög gott.

Úrbætur /Tækifæri

Gaman væri að efla könnunarleikinn eins og ætlunin var í ár, finna meiri efnivið sem auðvelt er að grípa til í leikinn.

Gott væri að fara yfir efnivið/leikföng á deildinni og setja inn meiri efnivið til að auka fjölbreytileika í leik baranna og auka mætti skipulagt hópastarf og eða skipulag sem kemur fjölbreyttari leik af stað og nýta betur að skipta börnunum upp í hópa eða rými/svæði til að tryggja betri leik og næði.





Taka mætti fastari höndum um skipulag þegar börn eru að koma inn í hádegismat. Það hefur verið á réttri leið en kemur of oft fyrir að allt of mörg börn eru komin inn í fataklefan og það myndast eitthvað óskipulag.

Börnin eiga öll sína skráningarmöppu sem valin verk eru sett í og er þar tækifæri til að auka skráningu til að sjá betur framþróun þroska bannsins. Auk þess sem þessar möppur /skráningar geta hjálpað foreldrum að sjá og tengja betur við það sem barnið er að læra í leikskólanum (foreldrar kíkja jafna og skoða þessar möppur jafnvel með sínu barni í foreldraheimsóknum yfir árið).

Styrkleikar

Styrkleikar deildarinnar felast helst í leikgleði barnanna. Hæfni starfsfólks til að finna leiðir til að halda skipulagi þegar reynir á. Samverustundir og söngur er einnig mjög sterkur þáttur á okkar deild.





Styrkleikar

Leikgleði: tekist hefur að skapa mikla leikgleði hjá börnunum í frjálsum leik.

Aðlögunarhæfni: Starfsfólk er mjög fært og duglegt við að finna leiðir til að láta hlutina ganga upp við hinar ýmsu aðstæður og breytingar

Samverustundir: Eru stundirnar þar sem allir á deildinn koma saman eiga góða stund, læra eitthvað nýtt og hafa það skemmtilegt og notalegt saman

Tækifæri

Könnunarleikur: finna meiri efnivið og setja hann í aðgengilegan banka (allt á einum stað sem auðvelt er að grípa í þegar fara á í könnunarleik)

Efniviður/leikföng: Fara yfir skipulag deildar með aðgengi leikfanga/efniviðs í huga og endurskipuleggja, skipta út og bæta við eftir þörfum.

Innkoma úr útiveru: Halda áfram að þróa og samstilla starfsfólk í skipulagi við það að það komi ekki of mörg börn inn í einu úr útiveru sem getur myndað óreiðu og óþægindi.

Skráningarmöppur: auka einstaklingsskráningar til þess að fylgjast enn betur með framþróun þroska barnanna. Auk þess sem þessar möppur/skráningar geta hjálpað foreldrum að sjá og tengja við það sem barnið er að læra í leikskólanum.





13. Greinargerð verkefnastjóra listaskála 2025-2026

Innra mat listaskála

Öll börn á leikskólanum fóru a.m.k. einu sinni í viku í listaskála, í fyrir fram ákveðnum hópum (eftir aldri) allt skólaárið. Verkefni sem unnin voru, voru oft á tíðum tengd þemavinnu leikskólastarfsins hverju sinni auk þess sem áhersla hefur verið lögð á fjölbreytt verkefni og efnivið. Verkefni þar sem börnin kynnast mismunandi efnivið sköpunar og fjölbreytileika hennar. Auk þess tengjum við sköpunina við náttúruvitund þar sem við erum grænfána leikskóli. Til dæmis um það notumst við eins mikið við endurunnin efnivið og við getum, gerum börnin meðvituð um það efni sem við erum að endurnota og endurskapa úr og notum náttúruna sjálfa til sköpunar bæði sem beinan efnivið og sem innblástur.



Þegar við málum höfum við meðal annars lagt áherslu á að læra að beita pensli og hvernig við getum þurft mismunandi pensla eða verfæri í mismunandi verkefni. Í listaskála læra börnin líka margt í litafræði, við tölum alltaf um hvaða liti við þurfum til að blanda litina ef okkur vantar einhvern lit og hvað litirnir heita, þannig læra börnin smátt og smátt hvernig þau eiga að gera það sjálf og einnig hvernig skal dekkir og lýsir liti. Gaman hefur verið að fylgjast með því hversu margir krakkar sem eru nú að útskrifast (sérstaklega þau sem hafa verið hjá okkur í leikskólanum gegnum árin) hafa tileinkað sér góða kunnáttu í hvernig skal blanda liti sem þeim vantar.

Í upphafi vetrar var aðal áherslan með Dvergasteinsbörnum (yngstu börnunum) lögð á að kynna þau fyrir listaskálaumhverfinu og því sem við gerum þar. Þau eru jafnvel að sjá pensil og málningu í fyrsta sinn og fyrir mörg er það að læra að setja ekki málningu og efnivið í munninn stórt verkefni. Lögð var því áhersla á að kenna þeim grunnbeitingu pensils og málningu auk þess sem margskonar annar efniviður var kynntur fyrir þeim, þá sérstaklega efniviður sem eikur skynfærin eins og t.d.



pappamassagerð, steinleir, sandur o.s.frv. Sum börn þurfa að æfa sig alveg sérstaklega í því að þora að koma við mismunandi efnivið eins og málningu og leir sem klístrast á fingrunum. Handþvotturinn er einnig stór hluti af upplifun barnanna að fara í listaskála og finnst mörgum börnum það oft aðal sportið. En þar eru þau að sjálfsgöðu að æfa sig í hreinlæti, auk þess sem vatnið og sápan er skemmtilegur skynjunarefniviður. Í þessari vinnu höfum við



síðan tengt sköpunina eins og hægt er þema leikskólans hverju sinni eins og fram hefur komið.

Öll börn á leikskólanum bjuggu til jólagjöf í listaskála fyrir foreldra sína, bæði gjöf og kort sem að þessu sinni var úr endurunnum pappír sem börnin gerðu sjálf. Þessi vinna fannst börnunum mjög skemmtileg og mikil spenna og vandvirkni sem fylgir henni.



Skipulag listaskál hefur nú fest nokkuð vel í sessi hjá okkur og gengur mjög vel. Skráningar hafa gengið nokkuð vel yfir verkefni sem hafa veið unnin í listaskála og er hægt að skoða nánar útlistun á verkum í fréttabréfinu okkar og í skráningarmöppu listaskála. Einnig hefur náðst að gera einhverjar einstaklings skráningar. Auk þess sem við settum inn nýjan tengil á fréttabréfssiðunni okkar um listaskála. Foreldrar ættu því að geta fylgst vel með hvað hefur verið í vinnslu og hver megin tilgangur listarinnar var.

Styrkleikar

Mikill fjölbreytileiki sköpunar er einn helsti styrkleiki listaskála, það er fjölbreytileiki í tækni, efnivið og verkefnum/sköpun sem börnin takast á við. Mikil gleði og eftirvænting einkennir einnig listaskálann sem er mikill styrkleiki, börnin bíða spennt eftir að fá að koma í listaskálann og gleði, áhugi og eftirvænting einkennir þeirra um leið og þau eru að tileinka sér og læra margskonar nýja hluti. Skráningar eru góðar og aðgengilegar fyrir foreldra, á veggjum skólans, í ferilmöppum og á fréttabréfsvef. Auk þessara styrkleika erum við mjög stolt af því að nánast allur okkar grunnefniviður er efniviður sem við erum að endurnýta og nýta það sem annars hefði farið í ruslið. Innkaup fyrir verk listaskála einkorðast af mestu leiti af málningu, verkfærum, o.þ.h. Gott dæmi um endurnýtingu eru t.d. þrikk stimplar sem við útbjuggum úr plasti sem hafði komið með einhverri sendingu hér í hús sem bólstrun og jólagjafir barnanna þetta árið sem voru unnar úr afskorningum af girðingu sem var verið að smíða hjá okkur.





Úrbætur/tækifæri

Gaman væri að taka a.m.k. tíma bil þar sem listaskáli þarf ekki að þjóna annarri starfsemi en listsköpun þannig að hægt væri að undirleggja rýmið í sköpun sem krefst mikils undirbúnings og erfitt er að taka niður eftir hvern einasta hóp.

Í ár útbjuggum við svo kallaða ævintýrafjöru sem var sameiginlegt svæði sem öll börnin á leikskólanum sköpuðu saman. Þessi vinna var mjög fjölbreytt og skemmtileg og þótti börnunum þetta mjög spennandi og gaman. Hér er tækifæri til að gera svipað verkefni aftur og gefa verkinu/rýminu enn betri tíma og möguleika fyrir börnin að leika á því svæði til að fara í ævintýraleik í því rými sem þau hafa sjálf skapað.

Tiltekt eftir sköpunarstarfseminu tekur alltaf dágóðan tíma. Hér er tækifæri til að virkja börnin í að taka meiri þátt, þá sérstaklega elstu börnin. Þannig tiltekt getur líka verið spennandi og skemmtileg með tilheyrandi könnun á vatni og litum sem blandast við hreinsun um leið og hún ýtir undri góða umgengni.





Styrkleikar

Fjölbreytileiki sköpunar: fjölbreytileiki í tækni, efnivið og verefnum /sköpun

Gleði og eftirvænting: börnin eru spennt og glöð að koma í listaskálann

Endurvinnsla: flest allur efniviður okkar er úr efnivið sem hefði annars lent í ruslinu auk þess sem við endurvinnum t.d. pappír og gerum börnin meðvituð um endurvinnslu og það að passa uppá náttúruna okkar.

Skráningar: Ferill flestra verka er skráður og gerður sýnilegur á veggjum skólans, með verkum barnanna, í ferilmöppu og á fréttvef leikskólans.

Tækifæri

Sköpunar rými: gaman væri að sköpunarrýmið/listaskálinn þyrfti ekki að þjóna annari starfsemi leikskólans um einhvern tíma til að gefa rími til að undirleggja listskálann í listsköpun sem þarfnast mikils pláss og erfitt er að setja upp og taka niður til undirbúnings fyrir hvern hóp fyrir sig.

Sköpunar leikrými: spennandi væri að taka þessa hugmynd lengra en á líðandi sólaári. Með því að gefa sköpunarrýminu sem verður til betri tíma. Það er gefa börnunum betri tíma og rými til að leika og notfæra sér rýmið sem þau hafa sjálf (ásamt hinum börnunum í leikskólanum) skapað í leik sinn og ævintýri.

Tiltekt: Að börnin, þá sérstaklega elstu börnin taki meiri þátt í frágang eftir listsköpun. Eikur gleði, uppgötvun og umgengisvitund.





14. Umbótaáætlun – Álfasteinn og Dvergasteinn 2026-2027

Lagt er til að umbótaáætlun sé gerð fyrir yngri og eldir börn í samvinnu deilda

Í síðustu Starfsáætlun 2025 – 2026 vildum við leggja sérstaklega áherslu á þrjá þætti. Þessir þættir voru:

1. Færri börn í fataklefa á sama tíma svo meira næði gefist til að spjalla við hvert og eitt barn. Þetta gekk vel og allir meðvitaðir um að senda ekki of mörg börn í einu. Starfsfólkið er duglegt að spjalla við börnin til að efla málþroska þeirra. Við erum ánægð með hvernig þessi umbótaþáttur hefur gengið.
2. Að auka faglegan metnað og samstarf milli deilda. Samstarf milli deilda gengur mjög vel, búið að koma því fastar og góðar skorður þannig við erum mjög ánægð með það. Efla faglegan metnað og bjóða starfsfólki uppá að fara á námskeið hefur gengið vel. Margir starfsmenn að nýta sér fjölbreytt námskeið. Metnaðurinn hefur aukist mikið en við viljum halda áfram að vinna með hann.
3. Málörvun í gegnum leik. Þetta hefur gengið sæmilega en við þurfum að vera duglegri að fara inn í leik barnanna og nota leikinn meira í málörvun. Við viljum halda þessum umbótaþætti áfram næsta skólaár.

Deild/aldur barna	
Álfasteinn 3-6 ára	Lýðræði meðal barnanna
Dvergasteinn 1-2 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	<ul style="list-style-type: none"> Efla virðingu fyrir sjónarmiðum allra barna. Stuðla að þátttöku barna í ákvörðunum sem varða þeirra daglega líf. Þróa hæfni barna í að tjá skoðanir sínar, hlusta á aðra og taka sameiginlegar ákvarðanir. Styrkja sjálfstæði og ábyrgðarkennd hjá börnum.
Tækifæri til umbóta – Að hverju er stefnt?	Auka virka þátttöku barna Þróa lýðræðislega menningu í leikskólanum
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Setja upp vikulegan fund með elstu börnunum þar sem börnin ræða hugmyndir, leiki og verkefni.
Ábyrgð	Deildarstjórar.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Mánaðarlegir fundir með starfsmönnum Viðtöl við börnin. Könnun meðal barnanna/hugmyndir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Lýðræðisleg menning í leikskólanum Starfsfólk og börn fylgja reglum sem allir hafa átt aðild að og raddir barna eru virtar. - Starfsmannafundir skrá breytingar sem innleiða hugmyndir barna. - Fjöldi verkefna þar sem börn hafa tekið þátt í ákvörðunum.

Deild/aldur barna	
Álfasteinn 3-6 ára	Skráningar
Dvergasteinn 1-2 ára	
Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Fylgjast með þátttöku og framvindu í verkefnum Gera sýnilegt fyrir foreldra og starfsfólk hvernig börn læra og þroskast.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka sýnileika og samstarf við foreldra Styrkja lýðræðislega þátttöku
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Fara yfir skráningar vikulega/mánaðarlega til að sjá þróun og ákvarða umbætur, það er gert í undirbúningstímum. Aðlaga verkefni eftir þörfum til að stuðla að meiri þátttöku og árangri barna.
Ábyrgð	Deildarstjórar og aðstoðarleikskólástjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Október 2026 – vor 2027





<p>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</p>	<p>Bein athugun / skráningar</p> <ul style="list-style-type: none"> • Starfsfólk fylgist með börnum í verkefnum. • Skráir þátttöku, virkni, samskipti og framvindu verkefna. <p>Nota myndrænar eða leiknar aðferðir fyrir yngri börn</p>
<p>Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði</p>	<p>- Fjöldi hugmynda sem börn lögðu fram. - Fjöldi barna sem tóku virkan þátt í verkefnum. - Athuganir starfsmanna á virkni barna í hópum.</p>

Deild/aldur barna	Leikþátttaka starfsmanna og málörvun gegnum leik.
<p>Deild/aldur barna Álfasteinn 3-6 ára Dvergasteinn 1-3 ára</p>	
<p>Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</p>	<p>Mannauður / leikskólabragur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Þátttaka starfsmanna endurspeglar menningu leikskólans, t.d. jákvæð samskipti, virðing fyrir börnum og samvinnu. • Skýr stefna um hlutverk starfsfólks í leik barna. • Málörvun.
<p>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</p>	<p>Bætt tengsl milli barna og starfsfólks. Öflugri teymisvinna innan starfsliðs, sem endurspeglast í leiknum.</p>
<p>Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?</p>	<p>Veita uppbyggilega endurgjöf og leggja mat á áhrif þátttöku á börnin.</p>
<p>Ábyrgð</p>	<p>Leikskólastjóri og Deildarstjórar</p>
<p>Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?</p>	<p>September 2026 – vor 2027</p>
<p>Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)</p>	<p>Meta hvort börnin upplifa stuðning, gleði og þátttöku starfsmanna. Meta hvernig leikþátttaka tengist markmiðum leikskólans og umbótum.</p>





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsmaður tekur reglulega þátt í leik barna án þess að stýra leiknum of mikið. Starfsmaður hvetur börn til að sýna frumkvæði og samvinnu í leik.

Deild/aldur barna	Málörvun
Deild/aldur barna Álfasteinn 3-6 ára Dvergasteinn 1-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Málörvun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Markvissari málörvun með börnum sem þurfa meiri hvatningu og æfingu í íslensku. Það er gert á morgnanna ýmist í hóp barna eða með einu barni og í fataklefa.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Einstaklingsáætlanir gerðar fyrir þau börn sem þurfa á málörvun að halda. Nota hæfniramma og gefðu tíu.
Ábyrgð	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026 – vor 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Taka EFI -2 skimum á öllum börnum og Hljóm með elstu börnum. Þessar skimanir eru gerðar þegar börnin hafa náð réttum aldri. Deildarstjórar gera Tras skráningar. Hæfniramma skoðaðir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Sjáanleg hækkun á skimunarprófum.





15. Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Leikskólinn Berg

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Tanja Hrund Hlynsdóttir

Elsa Rún Erlendsdóttir

Brynja Baldursdóttir

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Foreldrafélag leikskólans Bergs hefur fengið starfsáætlun leikskólans Bergs fyrir árið 2026-2027 til umfjöllunar og lýsir foreldrafélagið yfir ánægju sinni með starfsáætlunina sem er vel unnin, ítarleg og fagleg.

Áherslur starfsáætlunarinnar samræmast starfi leikskólans síðastliðið ár. Það hefur til dæmis verið sérstaklega ánægjulegt að fylgjast með starfinu sem var unnið í listaskálanum, en börnin fá að taka heim listaverk og einnig hefur afrakstur verið til sýnis á viðburðum sem foreldrar sækja í leikskólanum. Eins erum við stolt af því að leikskólinn hafi gerst réttindaskóli UNICEF og erum jafnframt áfram þakklát fyrir metnaðarfullt starf í fræðslu um jafnrétti og fjölbreytileika.

Starfsáætlunin er vel unnin, hún er auðlesanleg og skýr og aðgengileg fyrir alla foreldra á heimasíðu leikskólans. Hún gefur góða innsýn inn daglegt starf á leikskólanum og þau þemu sem unnið er með yfir veturinn. Greinargerðir deildarstjóra gefa jafnframt góða mynd af starfinu sem unnið er á hvorri deild.

Foreldrafélagið hefur engar athugasemdir við starfsáætlunina og þakkar fyrir metnaðarfullt og faglegt starf í vetur. Við hlökkum til áframhaldandi samstarfs næsta vetur.

Fulltrúar í foreldraráði:

Tanja Hrund Hlynsdóttir

Elsa Rún Erlendsdóttir

Brynja Baldursdóttir

Ólöf Ósk Guðmundsdóttir

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



